

45.546.71 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 14. júlí 1960, af kr. 35.400.00 frá þeim degi til 29. desember 1960, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað. Er þá tekið tillit til greiðslu þeirrar, sem greidd var, eftir að innheimtutilraunir hófust.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Péttri Pálssyni verkfræðingi og Sveini A. Sæmundssyni blikksmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hitavirkjun h/f, greiði stefnanda, Sigurjóni Guðmundssyni, kr. 35.400.00 með 6% ársvöxtum af kr. 45.546.71 frá 24. marz 1959 til 22. febrúar 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júlí 1960, af kr. 35.400.00 frá þeim degi til 29. desember 1960, með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 170/1968. **Sigurður Baldursson f. h. Hermanns Haraldssonar** (Sigurður Baldursson hrl.)
 gegn
Sigtryggi Eypórssyni og Þóreyju Eypórsdóttur (Páll S. Pálsson hrl.)
 og **Friðjóni Skarphéðinssyni, yfirborgarfógeta í Reykjavík, til réttargæzlu.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík í bréfi 26. apríl 1967 tók Kristján Kristjánsson yfirborgarfógeti hinn

9. ágúst 1967 í uppboðsdómi Reykjavíkur fyrir að selja á nauðungaruppboði íbúð áfrýjanda í húsinu nr. 4 við Hátún í Reykjavík til lúkningar opinberum gjöldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, samtals að fjárhæð kr. 19.366.00. Hinn 31. ágúst 1967 voru boð gerð í eignina, og hinn 21. nóvember 1967 gaf uppboðshaldari út uppboðsafsal fyrir eigninni til handa stefndu. Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 24. september 1968 og gjafsóknarleyfi 2. október 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1968 og gert þær dómkröfur, að uppboðsgerðin ásamt uppboðsafsali verði úr gildi felld og að stefndu og réttargæzlustefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og svo málsóknarlaun skipaðs talsmanns hans.

Stefndu krefjast staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, er áfrýjunarfrestur uppboðsgerðar 4 vikur frá lokum gerðar, en dómsmálaráðherra má þó leyfa áfrýjun næstu 3 mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjunarfrestur var því liðinn, er áfrýjunarstefna var út gefin, og lagaheimild brast til útgáfu áfrýjunarleyfis, þegar það var veitt. Verður málinu af þessum sökum vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00. Málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurður Baldursson f. h. Hermanns Haraldssonar, greiði stefndu, Sigtryggi Eyþórssyni og Þóreyju Eyþórsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti,

Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Uppboðsgerð uppboðsdóms Reykjavíkur 31. ágúst 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 31. ágúst, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Hátúni 4 og haldinn af yfirborgarfégeta, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að halda áfram nauðungaruppboði á hluta í Hátúni 4, eigandi Hermann Haraldsson.

Nauðungaruppboð á eign þessari var auglýst í 40., 41. og 43. tölublaði Lögbirtingablaðsins, síðan einu sinni í Morgunblaðinu og síðan í öllum dagblöðum borgarinnar.

Í réttinum eru mættir Kristinn Kristjánsson fyrir Gjaldheimtuna í Reykjavík, fyrir húsfélagið Hátún 4 er mættur Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður.

Eigandi eignarinnar er sjálfur mættur.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komu í eignina:

Kr. 30.000.00 Kr. Kristjánsson fyrir Gjaldheimtuna í Rvík.

— 50.000.00 Gísli Stefánsson.

— 60.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.

— 70.000.00 Gísli Stefánsson.

— 80.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.

— 95.000.00 Gísli Stefánsson.

— 110.000.00 Hermann Haraldsson.

— 120.000.00 Gísli Stefánsson.

— 130.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.

— 145.000.00 Gísli Stefánsson.

— 155.000.00 Hermann Haraldsson.

— 175.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna.

— 195.000.00 Gísli Stefánsson.

— 205.000.00 Hermann Haraldsson.

— 210.000.00 Eyþór Bæringsson f. h. barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar.

— 215.000.00 Hermann Haraldsson.

Fleiri boð komu ekki í eignina.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvarðanir um boðin.

Uppboðshaldari tilkynnti, að Hermann bæri að mæta á skrifstofu borgarfégeta þann 8. n. m. kl. 1100 f. h. og gera upp.

Uppboðsafsal uppboðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 21. nóvember, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Austurstræti 17 og haldinn af setuuppboðshaldara, Kristjáni Kristjánssyni, samkvæmt sérstöku umboði . . .

Fyrir var tekið: Að gefa út uppboðsafsal til Sigtryggs Eypórs-sonar og Þóreyjar Eypórsdóttur fyrir hluta í Hátúni 4, áður þing-lesinni eign Hermanns Haraldssonar.

Nauðungaruppboð á eign þessari fór fram dagana 23. og 31. ágúst 1967. Hæstbjóðandi í eignina var þáverandi eigandi Her-mann Haraldsson, næstbjóðandi í eignina var Eypór Magnús Bær-ingsson f. h. barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar, og var hans boð, kr. 210.000.00, tekið gilt með bókun 21. september 1967, þar sem Hermann Haraldsson hafði ekki gert skil á uppboðsverðinu.

Í réttinum er mættur Eypór M. Bæringsson vegna barna sinna, Sigtryggs og Þóreyjar, og óskar þess að fá uppboðsafsal fyrir eign-inni.

Eftir að mættur hafði greitt allan kostnað uppboðsins og upp-boðsverðið að fullu, lýsti uppboðshaldari því yfir, að hann afsal-aði börnum hans, Sigtryggi Eypórssyni, Vesturgötu 53 C, og Þór-eyju Eypórsdóttur, s. st., hluta í húseigninni nr. 4 við Hátún hér í borg með sama rétti og fyrri eigandi átti eignina.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 183/1967. Y (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

X (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)

og Z (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál. Synjunareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. nóvember 1967. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda X, en til vara, að honum verði